

Húsbýggjandatrygging

Skilmáli nr. E-14

Almennt:

Vátrygging þessi gildir einungis fyrir eigendur að húsum í smíðum, sem ráðið hafa byggingastjóra og/eða ábyrga verktaka til þess að annast byggingaframkvæmdir. Er gert ráð fyrir, að þessir aðilar hafi í gildi viðeigandi vátryggingar vegna verktakastarfseminnar og er því hvers konar ábyrgð á verktakastarfsemi eða eignum verktaka undanskilin í vátryggingu þessari.

Þessi vátrygging er samansett af eftirfarandi þáttum:

- 1. Vátrygging á húsi í smíðum.**
 - A. Brunatrygging
 - B. Vatnstjónstrygging
 - C. Sig- og hrunstrygging
 - D. Foktrygging
 - E. Glertrygging
 - F. Þjófnaðar- og innbrotstrygging
 - G. Sprengingar
- 2. Ábyrgðartrygging húseiganda.**
- 3. Slysatrygging.**
- 4. Sameiginlegir skilmálar.**

Vátryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar vátryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern vátryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessi skilmáli ásamt öðrum skilmálum sem vísað er til.

Vátryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálans og vátryggingarskírteinisins. Ef misræmi eða villa kemur fram í þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

I. kafli. Vátrygging á húsi í smíðum.

1. gr. Hin vátryggða eign

Vátryggingin tekur til þeirrar húseignar eða húseignarhluta, í smíðum, sem skírteinið tilgreinir. Vátryggingin bætir jafnframt tjón á byggingarefni, verkfærum, vinnuþöllum og vinnuskúrum á byggingarstað enda séu þessir hlutir í eigu eða umsjá vátryggðs. Vátryggingin bætir ekki tjón á eignum verktaka, byggingameistara, starfsmanna þeirra eða eignir verkfæra – og tækjaleigu á byggingarstað.

2. gr. Vátryggingin bætir tjón af eftirtöldum orsökum:

- 2.1 Eldsvoða, sótfalls, sprengingar eða eldingar: Vátrygging bætir tjón á hinu vátryggða af völdum eldsvoða. Vátryggingin nær ekki til tjóns af eldi sem ekki verður talinn eldsvoði, t.d. sviða, svo og tjóns er orsakast af skammhlaupi, nema af því leiði eldsvoða eða það sé afleiðing eldsvoða. Vátryggingin nær einnig til tjóns á hinu tryggða af völdum sótfalls, sprengingar eða eldingar. Um þessa grein gildir alfarið skilmáli félagsins um brunatryggingu húseigna í smíðum nr. E-2.
- 2.2 Vatni: Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárennislögnum hússins. Skemmdir á leiðslum bætast ekki né kostnaður við endurlagningu þeirra. Ekki eru bætt tjón af völdum utanaðkomandi vatns svo sem úrkomu, flóða, snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislögnum. **Varúðarregla: Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hætta er á frosti.**
- 2.3 Hruni eða sigi: Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum hruns eða sigs enda eigi tjónsorsökin rót sína að rekja til skyndilegs og óvænts atviks.
- 2.4 Óveðri: Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum óveðurs. Með óveðri er átt við veðurhæð sem mælist yfir 28,5 m/s . Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun um bótaskyldu vátryggingarinnar, hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs, er tjónsatburður átti sér stað. Vatnsskemmdir á hinu vátryggða samfara óveðurstjóni eru einnig bættar.
- 2.5 Brot á gleri: Tjón á gleri í hinu vátryggða húsi eða húseignarhluta, ef það brotnar eftir að það er í sett, inngreipt, eða á annan hátt endanlega komið fyrir á þeim stað sem því var ætlað að vera og svo lengi sem það er á sama stað. Tjón við ísetningu bætist ekki. Bætur takmarkast við venjulegt, slétt rúðugler.
- 2.6 Innbrots, þjófnaðar, skemmdarverka: Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða af völdum skemmdarverka, innbrots eða þjófnaðar á byggingarstað. Þjófnaður á verðmætum sem geymdir eru undir berum himni eða á stað sem óviðkomandi á greiðan aðgang að bætist ekki. **Varúðarreglur: Vátryggður skal sjá til þess að vátryggðri húseign sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur. Verkfæri, áhöld eða önnur verðmæti skal ávallt geyma í læstri geymslu.**
- 2.7 Tjón á hinu vátryggða af völdum sprenginga. Tjón, sem verða vegna verklegra framkvæmda þegar unnið er með sprengiefni, bætist ekki.

3. gr. Undanskildar áhættur

Húsbýggjandatrygging tekur ekki til eftirfarandi tjónsatvika:

- 3.1 Afleiddra tjóna af hvaða orsökum sem er.
- 3.2 Tjóna sem stafa af því, að rangt eða gallað efni er notað.
- 3.3 Tjóna sem stafa af rangri og/eða ófullkominni hönnun og/ eða útreikningum.

3.4 Tjóna af völdum skráningarskyldra ökutækja.

4. gr. Vátryggingarfjárhæð - Eigin áhætta

Vátryggingarfjárhæð skal nema áætluðum heildar byggingarkostnaði hinnar vátryggðu húseignar. Vátryggingarfjárhæð hins vátryggða kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Eigin áhætta vátryggðs í sérhverju bótaskyldu tjóni, er lágmarks sjálfsábyrgð sú sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

5. gr. Verðtrygging

Vátryggingarfjárhæðir og fjárhæðir eigin áhættu vátryggingar á húsi í smíðum hækka við hverja endurnýjun samkvæmt byggingarvísitölu, og koma fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

II. kafli. Ábyrgðartrygging húseiganda

1. gr. Vátryggður - Vátryggingarsvið

1.1 Hinn vátryggði er eigandi þeirrar húseignar í smíðum sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

1.2 Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum, sem eiganda þeirrar tilgreindrar húseignar eða húseignarhluta, sem er í smíðum. Tjón geta því aðeins orðið bótaskyld, að þau baki vátryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins í smíðum. Þó er einnig innifalinn ábyrgð húseigandans vegna vinnuframlags hans sjálfs og fjölskyldu hans, svo og annarra er á vegum húseiganda kunna að leggja fram vinnu við byggingu hússins, enda séu þeir ekki verktakar við bygginguna né starfsmenn verktaka eða meistara. Skaðabótaskylda þarf að vera bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

2. gr. Undanskildar áhættur

Félagið bætir ekki:

2.1 Sektir né heldur málskostnað í sambandi við refsímál.

2.2 Tjón, sem vátryggður og fjölskylda hans valda hverjir öðrum. Fjölskylda telst hinn vátryggði og maki hans, börn og önnur skyldmenn sem halda sameiginlegt heimili á sama lögheimili.

2.3 Tjón á eignum, sem stafar af eldsvoða, reyk, sóti eða sprengingu.

2.4 Tjón á munum, sem eru í eigu vátryggingartaka eða fjölskyldu hans, eða hafa verið fengnir þeim til afnota, umráða eða vörslu. Ekki bætist heldur tjón á munum, sem vátryggði hefur selt en ekki afhent.

2.5 Hvers kyns ábyrgð sem tengist verktakastarfsemi enda ráð fyrir því gert að verktakar, launaðir iðnaðarmenn og byggingastjóri, sem annast byggingaframlag, hafi sjálfstæðar atvinnurekstrartryggingar.

2.6 Skaðabótakröfu, sem fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja.

2.7 **Varúðarregla:** Vátryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða hvers kyns vörslu sprengiefna, eiturefna eða annarra álíka hættulegra efna.

3. gr. Vátryggingarfjárhæð - Eigin áhætta

Vátryggingarfjárhæð ábyrgðartryggingar kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Af hverju tjóni

ber vátryggði í eigin áhættu 10% af tjóninu, þó eigi lægri upphæð en fram kemur á skírteini eða

endurnýjunarkvittun. Nái bótakrafa ekki lágmarks eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur málskostnað vegna hennar, þótt krafan og málskostnaðurinn verði samanlagt meiri en lágmarks eigin áhætta.

4. gr. Ábyrgðartími

Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem varð, áður en vátryggingartíminn hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

5. gr. Meðferð bótakrafna

5.1 Jafnskjótt og vátryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

5.2 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum vátryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

5.3 Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkennði réttmæti kröfunnar.

6. gr. Endurkröfuréttur félagsins

Þegar vátryggingartaki á endurkröfurétt á þriðja mann út af bótaskyldu atviki, öðlast félagið endurkröfuréttinn að svo miklu leyti sem það greiðir bæturnar fyrir vátryggingartaka.

7. gr. Vátryggingarfjárhæð

7.1 Hámarks vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni er hámark þess höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjón af sömu tjónsorsök, teljast þau vera af völdum eins vátryggingaábyrgðar. Heildarábyrgð félagsins á hverju vátryggingarári takmarkast við einnig við fyrrgreinda vátryggingarfjárhæð.

7.2 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni sbr. þó 31. gr. þessa skilmála. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

7.3 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun.

8. gr. Verðtrygging

Vátryggingarfjárhæðir og eigin áhætta ábyrgðartryggingar breytist við hverja endurnýjun eftir vísitölu neysluverðs.

III. kafli. Slysatriyging

1. gr. Hverjir eru vátryggðir?

Hinir vátryggðu eru vátryggingartaki og fjölskylda hans, svo og aðrir, sem um stundarsakir vinna við bygginguna launalaust og eru ekki verktakar byggingarinnar, byggingastjóri, iðnmeistarar eða starfsmenn þeirra.

2. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin gildir vegna slysa er verða kunna á byggingarstað, á beinni leið á milli heimilis og byggingarstaðar og við störf beinlínis tengd byggingarframkvæmdinni, þótt þau séu utan byggingarstaðar.

3. gr. Vátryggingarupphæðir

Hámarks vátryggingafjárhæðir fara eftir kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna verkamanna við byggingarvinnu eins og hann er á hverjum tíma.

4. gr. Tilvísun til skilmála

Að öðru leyti en því sem hér greinir gildir um vátryggingu þessa skilmáli félagsins um slysatriygingu launþega nr. S-3 eftir því sem við á.

IV. kafli. Sameiginlegir skilmálar fyrir framangreindar vátryggingar

1. gr. Upphaf og lok vátryggingarinnar

1.1 Vátrygging þessi tekur gildi þegar að félagið eða umboðsmaður þess hefur samþykkt vátryggingarbeiðni. Iðgjald ber að greiða þegar vátryggingin tekur gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjaldþögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send. Sé iðgjald ekki greitt innan greiðslufrests reiknast dráttarvextir á iðgjaldið.

1.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun, þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga, ella fellur vátryggingin og ábyrgð félagsins niður, sé iðgjald þá enn ógreitt. Vátryggingartaki skal engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátrygging var í gildi.

1.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

1.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

1.5 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tiltekið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Að því loknu endurnýjast vátryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, sé vátryggingunni ekki sagt upp af hálfu vátryggingartaka innan mánaðar frá því félagið sendi endurnýjunarkvittun. Vátryggingataka er þó ekki skylt að tilkynna uppsögn fyrr en með 15 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Vátryggingartaka er jafnframt heimilt að segja upp vátryggingu, sem endurnýjast sjálfkrafa, vegna flutnings vátryggingarinnar til annars félags, sbr. 14. gr. og 75 gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Skal þá tilkynna félaginu um uppsögn með mánaðar fyrirvara og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Upplýsa skal til hvaða vátryggingafélags er flutt og frá hvaða tíma. Þegar vátryggingin er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins. Félagið áskilur sér rétt til iðgjaldabreytinga og/eða skilmálabreytinga við endurnýjun vátryggingarinnar.

1.6 Séu sérstakar ástæður fyrir hendi skv. 18. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er félaginu heimilt að segja upp vátryggingarsamning með 60 daga fyrirvara fyrir endurnýjun. Félagið sendir þá frá sér tilkynningu þess efnis skv. ákvæðum sömu laga.

2. gr. Almenn undanþága frá bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- 2.1. sem stafa beint eða óbeint af kjarnorku, jónandi geislun eða geislavirkum efnum;
- 2.2. sem orsakast af styrjöldum, borgarastríði, innrás, óeirðum eða sambærilegum aðgerðum;
- 2.3. af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla eða veira;

3. gr. Ásetningur eða stórkostlegt gáleysi vátryggðs

3.1 Ef tjón verður rakið til ásetnings vátryggðs fellur bótaábyrgð félagsins niður.

3.2 Valdi vátryggður tjóni af stórkostlegu gáleysi getur það leitt til takmörkunar eða brottfalls bótaábyrgðar félagsins skv. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004. Við mat á ábyrgð félagsins skal líta til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingarburð bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og atvik að öðru leyti.

4. gr. Upplýsingaskylda vátryggingartaka

4.1 Við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings ber vátryggingartaka, eða eftir atvikum vátryggðum, að veita félaginu þær upplýsingar um vátryggingaráhættuna sem félagið óskar sbr. 19. gr. og 82. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Sömuleiðis ber vátryggingartaka, og eftir atvikum vátryggðum, að greina félaginu frá sérstökum atvikum sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni.

4.2 Skýri vátryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefur að öðru leyti rangar upplýsingar til félagsins, getur það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkast eða fellur niður sbr. 20. gr. og 83. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

4.3 Félaginu er heimilt að afla sér upplýsingar um fyrra heilsufar vátryggðs að fengnu samþykki hans.

5. gr. Skyldur vátryggðs við tjónsatburð

- 5.1 Vátryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um vátryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða. Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem bótakrafan er reist á. Þetta gildir þó ekki um ábyrgðartryggingu húseiganda skv. 2. kafla þessa skilmála. Ef félagið hafnar kröfu vátryggðs í heild eða hluta glatar hann rétti til bótanna ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu félagsins um að kröfu hans væri hafnað.
- 5.2 Þegar það atvik, sem vátryggt er gegn, hefur gerst, eða hættu er á því að það gerist, ber vátryggðum skylda til þess að reyna afstýra tjóninu eða lágmarka það. Vátryggðum ber að hlíta fyrirmælum félagsins sem beinast að því að takmarka tjónið. Hafi vátryggður af þessum sökum orðið fyrir útgjöldum mun félagið endurgreiða þau að því leyti sem þau teljast óhjákvæmileg. Sinni vátryggður ekki skyldu sinni samkvæmt þessari grein getur það haft í för með sér takmörkun eða brottfall bótaábyrgðar félagsins sbr. 2. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 93. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 5.3 Vátryggðum ber að leita læknis strax og slys ber að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 5.4 Við uppgjör tjóns skal vátryggður veita félaginu upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur. Félaginu er heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða vátryggða, svo og að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar vátryggðs. Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.
- 5.5 Ef vátryggður, eða sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær bætur, sem hann á ekki rétt til, fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingasamningum vegna sömu atvika.
- 6. gr. Uppsagnarréttur félagsins**
Félagið getur sagt upp vátryggingasamningi vegna eftirfarandi aðstæðna, nema annað sé lögboðið:
- 6.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 21. gr. og 84. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína getur félagið sagt upp vátryggingunni sem og öðrum vátryggingasamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu án fyrirvara.
- 6.2 Með viku fyrirvara ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bættur sem hann á ekki rétt til sbr. 47. gr. og 120. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Félaginu er ennfremur heimilt að segja upp öllum öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggður hefur hjá félaginu, með sama fyrirvara, þegar svo stendur á.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara ef notkun vátryggðs hlutar, starfsemi vátryggðs, eða aðstæður að öðru leyti breytast á vátryggingartímabili á þann hátt að félagið hefði ekki samþykkt vátrygginguna ef slíkar upplýsingar hefðu legið fyrir við upphaf vátryggingatímabilsins.
- 6.3 Með tveggja mánaða fyrirvara, í kjölfar tjónsatviks og er félaginu jafnframt heimilt að segja upp öðrum vátryggingarsamningum sem vátryggingartaki hefur hjá félaginu með sama fyrirvara:
- 6.3.1 þegar tjónþungi vátryggingar er meiri en eðlilegt getur talist, t.d. 3 tjón eða fleiri á 12 mánuðum;
- 6.3.2 ef vátryggður hefur valdið tjóni af ásetningi;
- 6.3.3 ef vátryggður brýtur gegn varúðareglum;
- 6.3.4 ef alvarlegur trúnaðarrestur hafi orðið milli vátryggðs og félagsins.
- 7. gr. Endurgreiðsla iðgjalds**
Nýti vátryggingartaki eða félagið sér heimildir sínar, skv. þessum skilmála eða lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, til þess að slíta vátryggingarsamningnum á vátryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald vátryggingarinnar hlutfallslega. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins vátryggða greitt út við altjón og vátryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.
- 8. gr. Endurkröfuréttur félagsins**
Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur vegna tjónsins.
- 9. gr. Gjaldtagi bóta – vextir af tjónskröfu**
- 10.1 Vátryggður, eða sá sem rétt á til bóta getur krafist greiðslu þeirra 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að að kanna ábyrgð sína og ákveða fjárhæð bótanna sbr. 48. gr. og 121. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga
- 10.2 Vátryggður á rétt á vöxtum af bótakröfu í samræmi við 50. gr. og 123. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 11. gr. Lög um vátryggingarsamninga**
Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um vátryggingarsamning þennan lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 12. gr. Heimili –Varnarþing-Ágreiningur**
Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa vátryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

Skilmálar þessir gilda frá 01.07.2016